

Fundur hverfisráðs Kelduhverfis

Mætt á fundinn:

Aðalsteinn Örn Snæþórsson, Guðmundur Baldvin Guðmundsson, Salbjörg Matthíasdóttir, Jóhannes Guðmundsson og Einar Ingi Einarsson.

Fundur settur kl. 20:00

Eftirfarandi mál voru á dagskrá:

- Umhverfis- og loftslagsstefna Norðurþings
- Næsta útboð vegna skólaaksturs
- Önnur mál

1. Umhverfis og loftslagsstefna Norðurþings

Hverfisráð fagnar gerð umhverfis- og loftslagsstefnu Norðurþings. Stefnan er vel unnin og skýrt fram sett. Ráðið vill þó benda á tvö atriði sem mætti bæta.

a. **Norðurþing móti stefnu um ágengar tegundir.**

Í umhverfis- og loftslagsstefnu Norðurþings er fjallað um líffræðilegan fjölbreytileika og mikilvægi hans en ekkert minnst á eina helstu ógn líffræðilegs fjölbreytileika sem eru ágengar tegundir. Ef sveitarfélaginu er alvara í að standa vörð um líffræðilegan fjölbreytileika ætti það að setja sér stefnu og markmið um útbreiðslu ágengra tegunda.

b. **Við gerð skógræktaráætlunar verði tekið tillit til vistgerða með alþjóðlegt verndargildi.**

Sumar vistgerðir, sem eru algengar í Norðurþingi, eru sjaldgæfar á heimsvísu og því mikilvægar líffræðilegum fjölbreytileika. Sem dæmi má nefna fjalldrapamóavist sem er á lista Bernarsamningsins yfir vistgerðir sem þarfnast verndar. Samkvæmt vistgerðaflokkun Náttúrufræðistofnunar eru tæp 20% af öllum fjalldrapamóum landsins innan Norðurþings og ábyrgð sveitarfélagsins því rík.

2. Næsta útboð vegna skólaaksturs

Skólaakstur barna er mjög mikilvægur innan sveitarfélagsins og rætt var um óskir fyrir útboð sem fram fer á næsta ári. Í núverandi áætlun eru börnin sótt á afleggjara við þjóðveg og skilað þangað að skóla loknum. Vegna aukinnar umferðar hefur hætta fyrir börnin aukist, sérstaklega í skammdeginu.

Hverfisráð óskar því eftir að í næsta útboði verði miðað við að börnin verði sótt og keyrð heim í hlað en ekki við afleggjara. Ráðið vill benda á að þetta er lítil viðbót í akstri. Mestur verður aksturinn að Fjöllum en þar sem það er jafnframt upphafs- og endastöð hefur það ekki áhrif á tíma annarra barna í skólabíl. Þetta mun koma foreldrum til góða og auka öryggi barna og vegfarenda.

3. Önnur mál

Rætt var um sundlaugina í Lundi og stöðu hennar. Sundkennslan í haust hefur ekki verið á pari við það sem á að vera og því mörgum spurningum ósvarað. Á fundi hverfisráðs þann 3 júní sl. kom eftirfarandi fram:

“Hverfisráð hvetur Norðurþing til að halda íbúafund vegna sundlaugarinnar og skólalóðar í Lundi. Þar yrðu lögð fram framtíðarplön fyrir íbúa og vill hverfisráð að sá fundur verði settur á í ágúst. Nauðsynlegt er að þá liggja kostnaðaráætlun fyrir varðandi sundlaugina enda er hún grundvöllur þess að hægt sé að ræða málin hvað hana varðar. Mikilvægt er að þessi íbúafundur eigi sér stað áður en gengið verður frá næstu fjárhagsáætlun Norðurþings.”

Ljóst er að ekki hefur orðið af þessum fundi sem hverfisráði þykir miður. Rætt hefur verið um þessi mál á fundum Byggðarráðs, Fjölskylduráðs og Skipulags- og framkvæmdaráðs undanfarnar vikur (Málsnúmer 202404122) þar sem málinu hefur verið kastað á milli ráða. Á fundi skipulags- og framkvæmdaráðs þann 15 okt sl. var málinu vísað til vinnu við gerð fjárhagsáætlunar.

Hverfisráð óskar eftir íbúafundi, fyrir samþykkt fjárhagsáætlunar, þar sem málefni sundlaugarinnar og önnur mál sem helst brenna á íbúum verða rædd. Þeim málum verður safnað saman á næstu dögum og komið til Norðurþings og vill hverfisráð fá viðkomandi sviðsstjóra til að mæta og ræða málin. Óskað er eftir fundi fyrir 15. nóvember nk.